

Stefna félagsvísindadeildar

Meginmál vefsíðu:

Ávarp deildarforseta

Mikilvægasta verkefni Íslendinga á næstu árum er stóraukin háskólamenntun og þekkingarsköpun. Í þekkingarsamfélagi 21. aldar dragast þær þjóðir aftur úr sem ekki sinna þessu verkefni af einurð.

Þess vegna mótar Háskóli Íslands nú metnaðarfulla stefnu fyrir árin 2006-2011. Skólinn vill komast í fremstu röð og standast samanburð við bestu háskóla í nágrannalöndum okkar.

Félagsvísindadeild er fjölmennasta deild Háskóla Íslands. Hún hefur vaxið ört síðustu ár. Mikil aðsókn nemenda í deildina sýnir vaxandi þörf fyrir menntun á sviði félagsvísinda í íslensku þjóðfélagi.

Hlutverk félagsvísinda fer vaxandi í þekkingarsamfélagi 21. aldarinnar. Nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að skilja hugsun og hegðun mannsins og menningu og gangverk samfélagsins þannig að þeir fjármunir sem fara til að auka lífsgæði almennings nýtist vel. Í þjóðfélagi þar sem flestir vinna þekkingar- og þjónustustörf munu fleiri og fleiri sækja háskólanám í félagsvísindum.

Hér fylgir stefna félagsvísindadeildar 2006-2011. Starfsmenn deildarinnar hafa lagt mikið af mörkum síðustu misseri við mótnun hennar. Megináherslan er á stórauknar rannsóknir, bættu kennsluhætti, öflugri stoðþjónustu og aukin tengsl við íslenskt þjóðfélag.

Stefna félagsvísindadeildar á að stuðla að því að rannsóknir og kennsla í félagsvísindum á Íslandi verði í fremstu röð á alþjóðavísu og deildin gegni þannig skyldum sínum enn betur við íslenskt þjóðfélag í upphafi 21. aldar.

Ólafur Þ. Harðarson
forseti félagsvísindadeildar HÍ

FÉLAGSVÍSINDIN OG SAMFÉLAGIÐ Á 21. ÖLD

Tuttugasta og fyrsta öldin verður öld þekkingarþjóðfélagsins á Vesturlöndum. Mikill meirihluti fólks mun starfa við þjónustu. Í slíku samfélagi verða félagsvísindin mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

Tuttugasta öldin var lengst af öld iðnaðarþjóðfélagsins. Iðnaðurinn skapaði auðug samfélög og meðalaldur manna hækkaði. Framfarir í raunvísindum, verkfræði og læknisfræði áttu þar stóran þátt. Mestu skiptu þó framfarir í skipulagi mannlífsins. Blanda af markaðskerfi, velferðarkerfi og lýðræði varð ríkjandi þjóðfélagsgerð á Vesturlöndum og til urðu þjóðfélög þar sem almenn velsæld varð meiri en nokkru sinni fyrr í sögu mannkynsins.

Við upphaf 21. aldar verja flest þekkingarsamfélögin í okkar heimshluta um helmingi landsframleiðslu í opinbera þjónustu. Þetta eru m.a. sameiginleg útgjöld þjóðfélagsins til

heilbrigðismála, menntamála, félagsmála, menningar og lista. Jafnframt sinnir einkageirinn þessum sviðum mannlífsins af miklum krafti.

Mikill hluti þeirrar starfsemi þjóðfélagsins sem felst í þjónustu og opinberum útgjöldum snertir viðfangsefni félagsvísindanna, auk sjálfs skipulagsins á markaðnum. Stóruaknar rannsóknir á þessum sviðum mannlífsins og skipulagi þeirra eru forsenda skynsamlegrar nýtingar fjármuna og skilvirkar starfsemi til almannaheilla. Háskólanám á sviði félagsvísinda er líka heppilegasti undirbúningurinn fyrir fjölmörg störf í þekkingarsamfélaginu.

Raunvísindi, verkfræði og heilbrigðisvísindi munu áfram gegna afar mikilvægu hlutverki á 21. öldinni. En líklegt er að mestur vöxtur verði á sviði hug- og félagsvísinda. Breytt þjóðfélagsgerð og aukin efnahagsleg velsæld krefjast þess að viðfangsefni sem beinlínis lúta að rannsóknum á mannlífinu sjálfu og skipulagi þess verði stórlega eflð.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands vill sinna kalli tímans á 21. öld. Hún vill gera sitt til þess að skapa farsælt mannlíf á Íslandi í nýju samfélagi þekkingar og þjónustu.

DEILDIN Í HNOTSKURN

Félagsvísindadeild er fjölmennasta deild Háskóla Íslands með um 2500 nemendur. Þegar deildin tók til starfa haustið 1976 voru nemendur hennar um 300. Á 30 árum hefur nemendafjöldinn áttfaldast. Konur eru meirihluti nemenda á öllum stigum náms. Tæplega 400 nemendur brautskráðust frá félagsvísindadeild árið 2005.

Deildin skiptist í sjö skorir: bókasafns- og upplýsingafræðiskor, félagsfræðiskor, félagsráðgjafarskor, mannfræði- og þjóðfræðiskor, sálfræðiskor, stjórn málafræðiskor og uppeldis- og menntunarfræðiskor. Unnt er að ljúka námi í átta aðalgreinum og 11 aukagreinum til BA- prófs.

Nám í félagsvísindadeild hefur reynst góður undirbúningur framhaldsnáms við marga bestu háskóla heims. Jafnframt hefur deildin brautskráð hæft fólk til margvíslegra starfa í upplýsinga- og þekkingarsamfélaginu.

Meginvöxturinn í félagsvísindadeild síðustu ár hefur verið í meistara- og doktorsnámi. Framhaldsnám við deildina er bæði rannsóknartengt og starfsmiðað. Í boði er meistaranám, bæði einstaklingsmiðað og með námskeiðum, auk diplómanáms á meistarastigi í nokkrum greinum. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum aðalgreinum deildarinnar og kynjafræði.

Félagsvísindadeild ræður yfir framúrskarandi kennaraliði. Tæp 95% fastra kennara hafa lokið doktorsprófi, margir við bestu háskóla heims. Kennararnir hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Rannsóknir þeirra hafa birst í fjölmörgum bókum, í íslenskum og alþjóðlegum fræðitímaritum og safnverkum. Árið 2004 voru kennarar deildar að meðaltali afkastameiri en kennarar allra annarra deilda HÍ samkvæmt stigamati skólans á rannsóknum.

Kennarar deildarinnar eru virkir þátttakendur í opinberri umræðu um fræðasvið sín, haldnar eru málstofur og fræðafundir þar sem rannsóknir eru kynntar bæði frá nemendum og kennurum. Þá hafa þeir mikil alþjóðleg tengsl og taka margir þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Innan deildarinnar starfa fremstu sérfræðingar landsins um mörg

mikilvæg svið íslensks samfélags.

Í árslok 2005 voru fastráðnir kennarar við deildina 47 og er hlutfall kynja í kennaraliði nánast jafnt. Auk fastra kennara kenna fjölmargir stundakennarar við deildina og eru á milli 700 – 800 stundakennslusamningar gerðir árlega.

Deildin hefur sérstakar skyldur við rannsóknir á íslensku samfélagi, þar sem ætla má að hún geti skilað betri árangri en allir aðrir. Mikilvægasta markmið deildarinnar er öflugar rannsóknir sem bæði standast alþjóðlegar gæðakröfur og gagnast í íslensku samfélagi.

Deildin hefur náð góðum árangri í að virkja aðila utan Háskóla Íslands til samstarfs, bæði á sviði kennslu og rannsókna. Fimm lektorsstöður eru nú kostaðar af aðilum utan skólans. Mjög gott samstarf er við ýmis fyrirtæki og lykilstofnanir samfélagsins. Samvinnan beinist einkanlega að starfsþjálfun og rannsóknum.

Við deildina starfar Félagsvísindastofnun sem hefur það markmið að auka tengsl Háskólans við atvinnulífið og efla jafnframt fræðilegar rannsóknir í félagsvísindum. Í tengslum við Félagsvísindastofnun starfa Mannfræðistofnun Háskóla Íslands, Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti við Háskóla Íslands, Rannsóknasetur um lífshætti barna og ungmenna, Rannsóknasetur um kennarastarfið og skólaþróun, Rannsóknastofa í vinnuvernd og Rannsóknastöð þjóðmála. Auk þess starfar Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við stjórn málafræðiskor. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er hýst í deildinni.

FRAMTÍÐARSÝN

Félagsvísindadeild vill vera í fremstu röð í íslensku vísindasamfélagi árið 2011.

Árið 2011 verða rannsóknir í deildinni studdar af öflugum rannsóknatengdu framhaldsnámi þar sem margir doktorsnemar taka þátt í rannsóknum kennara. Þátttaka í alþjóðasamstarfi verður enn öflugri og sterk rannsóknateymi gegna mikilvægu hlutverki. Birtingum á viðurkenndum innlendum og erlendum vettvangi hefur fjölgað. Félagsvísindastofnun og ný stofnað styðja rannsóknir kennara. Staða félagsvísinda í íslensku rannsóknahverfi hefur styrkst. Innlendir og erlendir rannsóknastyrkir verða í réttu hlutfalli við rannsóknarvirkni deildarinnar og nemendafjölda. Deildin verður með virkt rannsóknar- og þróunarstarf í samstarfi við aðila utan háskólans bæði fyrirtæki og stofnanir.

Árið 2011 verður kennsla metin að verðleikum og í takti við kröfur nútímans. Kennsluhættir verða fjölbreyttir þar sem gott svigrúm er til umræðutíma, verklegrar kennslu og símats. Upplýsingatækni gegnir virku hlutverki í námi og kennslu og skynsamlegt gæðamat fer fram á kennslu. Stuðlað verður að fjölbreyttu og vönduðu námi með góðum kennslustofum og búnaði (m.a. til sérhæfðrar kennslu), góðri vinnuástöðu nemenda, öflugum bóka- og tímaritakosti, virkri kennslustefnu, stoðþjónustu og góðri samvinnu við þjálfunavettvang. Fjöldi nemenda á hvern fastráðinn kennara verður í samræmi við alþjóðleg gæðaviðmið. Framhaldsnemar taka virkan þátt í kennslu enda helga flestir þeirra sig fullu námi og starfi í HÍ.

Árið 2011 verður stjórnun deildarinnar öflug og skilvirk. Hún einkennist annars vegar af sterkum deildarforseta, sem studdur er af sérhæfðu starfsfólki á skrifstofu og hins vegar

öflugum skorum, þar sem skorarfulltrúar hafa létt daglegu stjórnunaramstri af skorarformönnum og öðrum akademískum starfsmönnum. Sérstök áhersla verður lögð á faglega og ábyrga fjármálastjórn.

Árið 2011 verða samskipti félagsvísindadeildar við ytra umhverfi öflug. Deildin verður metin að verðleikum - styrkur hennar verður skýr og þekktur. Samstarf við aðra háskóla verður mikið og gagnvirk miðlun upplýsinga við samfélag, atvinnulíf og stjórnvöld ríkjandi. Starfandi verða öflug hollvinafélög deildar og skora og aðstaða verður til samvinnu um rannsóknir við fyrrum nemendur. Ímynd deildarinnar verður jafnréttissinnuð.

GRUNNGILDI

Félagsvísindadeild leggur ríka áherslu á að hafa grunnildi Háskóla Íslands í heiðri í öllu starfi sínu.

Akademískt frelsi

Í Háskóla Íslands ríkir akademískt frelsi sem stuðlar að gagnrýnni og frjórri hugsun, áræðni og víðsýni. Viðurkennd gildi vísindasiðferðis eru ávallt í heiðri höfð.

Sjálfstæði og ábyrgð

Íslenskt samfélag felur Háskóla Íslands veigamikið hlutverk og fjármuni til að sinna því. Háskólinn er sjálfstæður og axlar ábyrgð á því að fara vel með þetta fé í þágu samfélagsins og skila hagkvæmu og árangursríku rannsókn- og kennslustarfi.

Fjölbreytni

Við Háskóla Íslands er boðið nám og stundaðar rannsóknir á helstu sviðum vísinda og fræða. Áherslan á fjölbreytni samræmist vel þeirri hugsjón að ná afburða árangri á tilteknum sviðum.

Jafnrétti og lýðræði

Háskóli Íslands leggur áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og að jafnréttis sé gætt á öllum sviðum starfseminnar. Háskólinn ætlar ávallt að vera í fararbroddi í jafnréttismálum.

Heilindi og virðing

Í öllu starfi Háskóla Íslands er áhersla lögð á heiðarleg vinnubrögð. Samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti.

Hagsæld og velferð

Háskóla Íslands er kappsmál að stuðla að lýðræði, framförum og fögru mannlífi í íslensku samfélagi.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2006-2011

Félagsvísindadeild vill að félagsvísindi standi í fremstu röð vísindagreina á Íslandi og að rannsóknir og kennsla jafnist á við það sem best gerist í háskólum erlendis. Í því skyni hefur deildin sett sér stefnu fyrir tímabilið 2006-2011. Metnaðarfull stefna Háskóla Íslands fyrir þetta tímabil liggur stefnu deildar til grundvallar. Í stefnumótun deildar er jafnframt gengið út frá því að markmið skólans um stóraukna tekjuöflun gangi eftir.

Stefnan felur í sér að stórefla doktorsnám við deildina, fjölga birtingum í bókum og virtum íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum fræðiritum, laða að hæfustu nemendur og kennara, efla nútímalega kennsluhætti, auka samstarf við virtar erlendar háskóladeildir, treysta tengslin við íslenskt þjóðfélag og atvinnulíf, styrkja stjórnkerfi deildarinnar og stórefla stoðþjónustu við nemendur og kennara.

Forsenda stefnunnar er sú að sambærilegar leikreglur gildi fyrir ólíkar fræðigreinar í vísindasamfélaginu. Þetta kallar á mjög aukinn styrk félagsvísinda í íslensku og alþjóðlegu rannsóknaumhverfi, meiri fjárveitingar til félagsvísindalegra rannsókna og að háskólanemar í félagsvísindum njóti jafnréttis við aðra háskólanema um opinber framlög til kennslunnar, þannig að hún geti verið nútímaleg og í fremstu röð.

Stefna félagsvísindadeildar miðar að því að ná þremur aðalmarkmiðum ásamt tilheyrandi undirmarkmiðum. Stefnan felur jafnframt í sér aðgerðaáætlun.

1. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI RANNSÓKNIR

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands ætlar að efla enn frekar hlut íslenskra félagsvísindarannsókna í alþjóðlegu fræðaumhverfi, ekki síst með fyrsta flokks rannsóknum á íslensku samfélagi. Til þess þarf að stórefla rannsóknaumhverfi og aðstöðu íslenskra félagsvísinda, þannig að þau standi í fremstu röð vísindagreina innanlands.

Í rannsóknum er hlutverk félagsvísindadeildar að skapa nýja þekkingu á sviði félagsvísinda sem gjaldgeng er í alþjóðlegu vísindasamfélagi og að vera í fremstu röð við sköpun þekkingar á íslensku samfélagi. Deildin stundar grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þjónusturannsóknir og leggur mikla áherslu á fjölbreytta miðlun þekkingar - öflugar samræður við íslenskt samfélag og alþjóðlega fræðasamfélagið, m.a. með mikilli birtingu á viðurkenndum innlendum og erlendum vettvangi. Deildin stuðlar að mótun íslensks vísindasamfélags þar sem tryggt er að þjálfun vísindamanna og gæði rannsókna standist alþjóðleg viðmið. Deildin greiðir fyrir þverfræðilegum rannsóknum og í rannsóknum hennar speglast margbreytileiki samfélagsins.

Í þessu skyni mun félagsvísindadeild Háskóla Íslands:

Efla stoðkerfi félagsvísindadeildar vegna rannsókna

- Hlutverk rannsóknanámsnefndar deildar verði endurskilgreint fyrir haust 2006. Nefndin hafi yfirumsjón með framhaldsnámi deildar og stefnumótun vegna rannsókna í deildinni í samvinnu við Félagsvísindastofnun.
- Skilgreint verði 20% starf verkefnisstjóra rannsókna haustið 2006. Starfið verði aukið í 100% fyrir árslok 2009.
- Skilgreint verði hlutverk alþjóðanefndar deildar og hún skipuð haustið 2006.
- Skilgreint verði 20% starf verkefnisstjóra alþjóðasamstarfs haustið 2006. Starfið verði aukið í 100% fyrir árslok 2010.

Efla doktorsnám í félagsvísindadeild

- Innrituðum doktorsnemum fjölgi úr 40 í 75 til ársbyrjunar 2009. Skorir setji sér fyrir árslok 2006 markmið og áætlun um fjölgun doktorsnema á völdum sviðum, sem kynnt verða erlendis.

- Erlendir doktorsnemar verði 30% af heildarfjölda doktorsnema árið 2011.
- Miðað verði við að 10% doktorsnema við félagsvísindadeild stundi nám á grundvelli samninga um sameiginlegar námsgráður (joint programmes eða joint degrees) með erlendum skólum árið 2011. Skorir deildarinnar undirbúi samstarf og geri tillögur um vænlega samstarfsskóla fyrir lok vormisseris 2007.
- Árið 2011 brautskráist a.m.k. 12 doktorar frá deildinni.
- Doktorsnemum verði gert kleift að helga sig náminu og ljúka því á tilsettum tíma. Aðhald með námsframvindu verði aukið.
- Tryggt verði að doktorsnemar í félagsvísindadeild njóti jafnréttis innan Háskóla Íslands varðandi fjárframlög og aðstöðu til námsins.
- Skilgreindur verði hlutur doktorsnema í kennslu og aðstoð við rannsóknir kennara og umbun fyrir þau störf ákveðin.

Auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna – fjölga birtingum í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum, ritrýndum íslenskum tímaritum og bókum á íslensku

- Birtingum í virtum alþjóðlegum ritrýndum ISI-tímaritum fjölgi um 100% fyrir árslok 2011. Skorir geri áætlanir um auknar birtingar og ræði áætlanir einstakra skorarmanna í þeim efnum.
- Félagsvísindadeild gegnir forystuhlutverki í rannsóknum á íslensku þjóðfélagi og því er hvatt til birtinga í virtum ritrýndum íslenskum tímaritum og bókum. Skorir skulu stuðla að eflingu slíkra tímarita á sérsviðum sínum.
- Félagsvísindastofnun eflir aðstoð sína við bókaútgáfu deildarmanna. Deildin leggi fé til þess.
- Skilgreint verði starf fyrir prófessor á heimsmælikvarða (highly cited researcher). Stefnit verði að því að ráða í eitt slíkt starf fyrir árið 2011 í samræmi við heildarstefnu Háskólans.
- Skilgreind verði störf nýdoktora við félagsvísindadeild. Slíkar stöður verði a.m.k. fjórar fyrir árslok 2008 og átta árið 2011.
- Komið verði á alþjóðlegu skiptikerfi fyrir nýdoktora fyrir árslok 2009.
- Verkefnisstjóri rannsókna standi fyrir námskeiðum fyrir deildarmenn í sam-vinnu við Félagsvísindastofnun um staðla og kröfur ISI tímarita og ritun fræðigreina.
- Félagsvísindastofnun bjóði upp á aðstoð við prófarkalestur og frágang tímaritsgreina frá hausti 2007.

Auka samstarf við erlendar háskóladeildir í fremstu röð í heiminum

- Árið 2011 verði allar skorir félagsvísindadeildar í nánun rannsóknasamstarfi við a.m.k. 1-3 af fremstu háskóladeildum í heiminum á sínu sviði.
- Skorir geri áætlanir um eflingu fjölþjóðlegs rannsóknarsamstarfs skoranna og einstakra skorarmanna. Haldið sé til haga upplýsingum um allt slíkt samstarf.
- Skorir leiti samstarfs við fagfélög á sínu sviði í því skyni að efla samstarf við alþjóðleg fagfélög.
- Aukin verði kennaraskipti við erlenda háskóla, m.a. á vegum ERASMUS og Nordplus. Verkefnisstjóri alþjóðamála haldi utan um það verkefni.
- Auknir verði möguleikar vel virkra rannsóknarmanna til þess að sækja ráðstefnur og sinna alþjóðlegu samstarfi. Fyrstu skref stigin 2008. Eftirlit með notkun kennara á eigin rannsóknarfé í þessu skyni verði einfaldað fyrir haustmiseri 2006.
- Þátttaka í fjölþjóðlegum rannsóknum verði eflid með auknu ferðafé og greiðslum til erlendra gestafyrirlésara.

Auka áherslu á alþjóðlegar ráðstefnur og alþjóðasamstarf

- Samstarf deildar við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, Alþjóðanefnd HÍ og Rannsóknþjónustu Háskólans verði eflt. Verkefnisstjórar rannsókna og alþjóðamála haldi

utan um það verkefni.

- Deild og skorir geri áætlun um að halda alþjóðlegar ráðstefnur á a.m.k. þriggja ára fresti. Fyrsta slík ráðstefna verði haldin 2008.
- Á hverju ári verði haldin a.m.k. ein ráðstefna þar sem heimskunnum fræðimanni er boðið að halda aðalfyrirlestur. Sú fyrsta verði haldin á 30 ára afmæli deildar haustið 2006.
- Gerð verði kostnaðargreining og fjárhagsáætlun fyrir alþjóðastarf deildar sem liggja fyrir í árslok 2006.
- Unnin verði áætlun um framlag deildar til uppbyggingar í þróunarríkjum. Tillögur liggja fyrir 2007.

Auka sókn í samkeppnissjóði vegna rannsókna og efla stöðu félagsvísinda í styrkjakerfum

- Tekjur úr innlendum, norrænum, evrópskum (m.a. rammaáætlunum ESB) og bandarískum samkeppnissjóðum aukist um 80% fyrir árið 2011.
- Rannsóknarnámsnefnd og verkefnisstjóri rannsókna geri tillögur um hvernig stoðþjónusta deildar við gerð umsókna til samkeppnissjóða verði stórefld. Tillögur liggja fyrir við árslok 2006.
- Rannsóknateymi verði eflað.
- Settur verði rammi um hvernig auka megi sveigjanleika á rannsókna- og kennsluhlutfalli kennara með miklar rannsóknir og styrki.
- Unnið verði að því að Háskóli Íslands veiti rannsóknarmönnum mótframlög vegna rannsóknarstyrkja.
- Verkefnisstjóri rannsókna kynni skorum alþjóðleg rannsóknaverkefni og styrki í samvinnu við skorarfulltrúa. Umsóknarfrestir verði vel kynntir.
- Verkefnisstjóri rannsókna haldi námskeið um styrki og umsóknarferli, fyrst vorið 2007.
- Verkefnisstjóri rannsókna kortleggi rannsóknasjóði og styrkjakerfi sem skipta deildina máli, hérlandis og erlendis. Úttekt liggja fyrir vorið 2007 og sé rækilega kynnt fyrir deildarmönnum.
- Deildarmenn taki með kerfisbundnum hætti þátt í starfsemi á vegum rannsóknasjóða og kappkosti að eiga þar öflugna fulltrúa. Áhersla verði lögð á sanngjarnari hlut félagsvísinda við dreifingu styrkja.

Stórefla aðstöðu til rannsókna og auka aðgang að rafrænum tímaritum og gagnagrunnum

- Ný aðstaða fyrir kennara, rannsóknarmenn og framhaldsnema í Háskólatorgi II verði tekin í notkun í desember 2007.
- Unnið verði að því að bæta strax við þriðju hæðinni í Háskólatorgi II til að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun kennara, doktorsnema og rannsóknarmanna í deildinni.
- Skorir geri þarfagreiningu vegna tækjakaupa, tilraunastofa og annars rannsóknahúsnæðis fyrir vor 2007. Samnýting þessa með öðrum deildum og skorum verði jafnframt skoðuð.
- Fjármagn til tækjakaupa verði aukið í áföngum og þrefaldist á næstu fimm árum.
- Sérhæfðu aðstoðarfólki við rannsóknir verði fjölgað um 75% fyrir árið 2011.
- Fjármagn til kaupa á bókum, gagnagrunnum og rafrænum tímaritum fyrir félagsvísindadeild verði aukið um 200% frá því sem nú er til ársloka 2011, þ.e. úr 10 milljónum í 30 milljónir króna. Verkefnisstjóri geri áætlun um þessi kaup í samráði við skorir.

Auka þverfræðilegt nám og rannsóknir

- Skorir geri áætlun um þverfræðilegt nám og rannsóknir sem þær telja heppilegt að standa að. Greinargerð liggja fyrir vorið 2007.
- Þverfræðilegt nám innan deildar verði enn eflt, ekki síst meistaranám sem nemendur með margvíslegt grunnám að baki geta sótt.

- Deildin beiti sér fyrir úttekt á fyrirkomulagi þverfræðilegs náms innan HÍ með það fyrir augum að slíkt nám sé hagkvæmt og skilvirkt og að ábyrgð sé skýr. Nám í deildinni í kynjafræði og opinberri stjórnsýslu eru dæmi um slíka uppbyggingu.
- Deildin kanni möguleika á samstarfi við Lýðheilsustofnun varðandi nám og rannsóknir.

Efla tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggð

- Deildin standi fyrir úttekt á möguleikum þess að fyrirtæki á sviðum félagsvísinda hasli sér völl í Vísindagörðum Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Leitað verði samstarfs við aðrar deildir á sviði félags- og hugvísinda um slíka athugun, sem verði lokið vorið 2007.
- Félagsvísindadeild byggji upp samstarfsnet um rannsóknir við lykilaðila í atvinnulífinu.
- Hagnýting rannsóknaniðurstaðna verði aukin, t.d. með því að stofnsetja sprotafyrirtæki í tengslum við rannsóknir deildarmanna og Félagsvísindastofnun.
- Leitað verði í auknum mæli til fyrirtækja og einstaklinga um samstarf og stuðning í tengslum við meistara- og doktorsnám.
- Störfum kostuðum af utanaðkomandi aðilum verði fjölgað um 50% fyrir árið 2011.
- Störfum á sviðum félagsvísinda í fræðasetrum Háskólans á landsbyggðinni verði fjölgað, þannig að þau verði a.m.k. þriðjungur slíkra starfa árið 2011.

Auðvelda sveigjanleg starfslok og nýta starfskrafta emeriti til rannsókna

- Unnið verði að því að auðvelda sveigjanleg starfslok, m.a. með því að aflétta kennsluskyldu gegn meiri rannsóknarafköstum.
- Tryggt verði að hægt verði að semja við emeriti um viðunandi starfsaðstöðu og umbun fyrir birtingar í nafni HÍ í ISI tímaritum.

2. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI KENNSLA

Félagsvísindadeild vill veita nemendum framúrskarandi kennslu í samræmi við fagleg markmið hvarrar greinar. Kennslan á að standast alþjóðlegar gæðakröfur og vera í nánnum tengslum við rannsóknastarf kennara.

Framúrskarandi kennsla er grundvallarþáttur í góðu háskólastarfi. Deildin skal vera til fyrirmyndar í kennslu félagsvísinda, efla gagnrýna, vísindalega hugsun og ná alþjóðlegum gæðum. Í kennslu er hlutverk deildar að undirbúa nemendur til framhaldsnáms við bestu háskóla heims, bjóða upp á öflugt starfs- og rannsóknarmiðað framhaldsnám bæði á meistara- og doktorsstigi og að útskrifa hæft fólk á fjölbreyttum atvinnuvettvangi. Í kennslu skal leitast við að skapa sterkt námssamfélag þar sem kennsla er metnaðarfull, námsvirkni nemenda samfelld og miklar kröfur eru gerðar til þeirra. Kennsla sé í nánnum tengslum við rannsóknir kennara og byggji á traustri faglegri þekkingu.

Í þessu skyni mun félagsvísindadeild Háskóla Íslands:

Umbylta kennsluháttum og færa þá til nútímahorfs

- Hlutfall fastra kennara á nemendur hækki úr 1:49 í 1:25 til ársins 2011. Stefna deildar til lengri tíma er að þetta hlutfall nái meðaltali HÍ, sem gert er ráð fyrir að verði 1:17 árið 2011.
- Lögð verði aukin áhersla á kennsluhætti sem efla gæði náms og taka mið af þörfum nemenda og sérstöðu námsgreina. Árið 2011 verði hlutfall verklegra tíma, umræðutíma og tilraunatíma hvers nemanda a.m.k. 50% að jafnaði á móti fyrirlesturum.
- Námsmat verði fært frá of einhliða áherslu á skrifleg próf yfir í fjölbreytt og kerfisbundið símat á námi.
- Mati á kennslukostnaði í reiknilíkani verði breytt í samræmi við bætta kennsluhætti.
- Deildin skipi umsjónarmenn úr hópi kennara, sem veiti nemendum einstaklingsmiðaða

ráðgjöf í upphafi náms og fylgist með námsframvindu þeirra í samvinnu við deildarskrifstofu.

- Settar verði fram skýrar og auknar kröfur um námsframvindu nemenda í grunn- og framhaldsnámi.
- Settar verði skýrar reglur um hlutanám innan deildarinnar frá og með hausti 2007.
- Deildin stofni kennslunefnd sem m.a. starfi með verkefnisstjóra kennslu og hafi umsjón og eftirlit með kennsluháttum innan deildar.

Skapa nemendum fyrirmyndar námsumhverfi

- Skilgreint verði 20% starf verkefnisstjóra kennslu haustið 2006. Starfið verði aukið í 100% fyrir árslok 2009.
- Í því skyni að skapa fyrirmyndar námsumhverfi verði fjármagn til kaupa á bókum, gagnagrunnum og rafrænum tímaritum fyrir félagsvísindadeild þrefaldað á næstu 5 árum. Aukinn verði aðgangur að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Verkefnisstjóri á deildarskrifstofu hafi umsjón með samskiptum skora og Landsbókasafns-háskólabókasafns vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum.
- Lesaðstaða, kennslustofur og tæknibúnaður vegna kennslu verði eins og best verður á kosið.
- Deildin bæti móttöku og stuðning við erlenda stúdenta.
- Nemendur fái góð tækifæri til að starfa við kennslu og rannsóknir. Umsóknum í rannsóknasjóði til fjármögnunar þátttöku nemenda í rannsóknum verði fjölgað.
- Styrkjakerfi fyrir framhaldsnema í félagsvísindadeild verði eftl.
- Kennsla sé tengd alþjóðlega viðurkenndum rannsóknum, og kennarar nýti eigin rannsóknir í kennslu.

Efla stuðnings- og gæðakerfi náms og kennslu

- Deildin setji sér kennslustefnu fyrir mitt ár 2007. Hún kveði m.a. á um móttöku nýrra kennara og nemenda, þjálfun og endurmenntun kennara, þróun kennsluhátta og námsmats, aðstöðu, gæðakröfur, stoðþjónustu, hlutverk aðstoðarkennara, stærð námshópa og skilgreiningu á hlutverki framhaldsnema og stundakennara við kennslu. Deildin setji fram vel skilgreint gæðamatskerfi (í samræmi við stefnu HÍ) þar sem kveðið er á um fjölbreyttar leiðir til að meta gæði náms og kennslu.
- Deildin taki virkan þátt í mótun nýs vinnumatskerfis vegna kennslu sem fyrirhugað er að koma á fót við Háskólann fyrir árslok 2008. Nýja kerfið hvetji enn frekar til góðra kennsluhátta og þróunarverkefna og hafi áhrif á nýráðningar og framgang kennara.
- Framkvæmd og eftirfylgni kennslukannana verði endurskoðuð fyrir lok ársins 2006.
- Gerð verði ítarleg úttekt á brottfalli nemenda deildar, greining á orsökum þess og settar fram tillögur til úrbóta. Niðurstöður og aðgerðaáætlun liggi fyrir í árslok 2006. Dregið hafi úr brottfalli nemenda á fyrsta námsári um 50% árið 2011.
- Nemendaskrá láti deild reglulega í té upplýsingar um brottfall og námsframvindu frá og með hausti 2006.
- Deildin kanni og leggi reglulega mat á hvernig til tekst að ná markmiðum um kennsluhætti.
- Deildin veiti frá 2007 styrki til þróunar náms og kennslu á þeim sviðum sem ekki falla undir Kennslumálasjóð HÍ.

Auka stuðning við kennara

- Frá hausti 2007 verði nýjum kennurum í félagsvísindadeild gert skylt að sækja námskeið í kennsluaðferðum og kennslutækni á vegum Kennslumiðstöðvar Háskólans.
- Árin 2007 – 2011 verði öllum kennurum deildarinnar gert skylt að sækja að jafnaði eitt námskeið í kennslu- eða upplýsingatækni árlega.
- Deildin þrói, í samvinnu við Kennslumiðstöð HÍ, viðeigandi þjálfunar- og stuðningsúrræði fyrir kennara, t.d. varðandi tækni, prófagerð ogmat.

- Byggt verði upp aðstoðarkennarakerfi fyrir haust 2008.
- Stuðningur við og námskeiðahald fyrir stundakennara og aðstoðarkennara verði stórauðinn.

Efla starfsþjálfun

- Deildin efla starfsþjálfun með samningum við fyrirtæki og stofnanir án beinnar greiðslu í samvinnu við yfirvöld HÍ fyrir árslok 2008.
- Unnið verði að því að menntamálaráðuneyti beiti sér fyrir því að ríkisstofnunum sé falið að taka nemendur í starfsþjálfun án sérstakra greiðslna.
- Samið verði við stofnanir um fyrirkomulag starfsþjálfunar sem gagnast bæði stofnun og nemendum fyrir árslok 2009.
- Komið verði á samvinnunefndum starfsmenntagreina og starfsþjálfunarstofnana.

Endurmeta og þróa námsframboð

- Námsleiðir deildar verði áfram endurskoðaðar reglulega. Við þá endurskoðun verði sem fyrr tekið mið af síbreytilegum þörfum nemenda og samfélagsins, alþjóðlegri þróun og lögð áhersla á að mannauður og fjármagn deildarinnar nýtist sem best.
- Nýjar námsleiðir verði þróaðar. Fjölbreytni deildar verði nýtt til að auka framboð á þverfræðilegu námi í samvinnu skora og annarra deilda. Aukin verði samnýting námskeiða milli greina og skora.
- Framboð náms fyrir framhaldsnema verði aukið t.d. með samstarfi við erlenda háskóla.
- Kennarar og sérfræðingar deildar skipuleggi og standi fyrir alþjóðlegum sumarnámskeiðum, m.a. til að laða að erlenda framhaldsnemendur. Skorir geri áætlanir um framboð á námskeiðum á ensku í framhaldsnámi.
- Námsframboð verði aukið m.a. með skipulegu fjarnámi í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla.
- Lögð verði áhersla á að fjölga skiptikennurum og skiptistúdentum í því skyni að gera námsframboð fjölbreyttara og efla alþjóðleg tengsl.

Efla notkun upplýsingatækni

- Deildin marki sér skýra stefnu um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Deildin styðji umbætur og þróun upplýsinga- og námsumsjónarkerfisins (Uglan).
- Starfsmenn og nemendur deildar hafi ætíð góðan aðgang að nauðsynlegum hugbúnaði og forritum til rannsókna og kennslu og standi til boða þjálfun til að nýta slíkan búnað.
- Félagsvísindadeild móti sér skýra stefnu um fjarkennslu og stefni að auknu framboði fjarnáms.

Efla endurmenntun og almenningsfræðslu

- Félagsvísindadeild mæti síaukinni eftirspurn fagfólks eftir endurmenntun með því að koma á fót endurmenntun á vegum deildar. Lög og reglur HÍ sem snúa að samstarfi og verkaskiptingu milli Endurmenntunarstofnunar og deildar verði endurskoðuð fyrir árslok 2007.
- Nýir kennarar haldi innsetningarfyrirlestur.
- Félagsvísindadeild haldi opna fyrirlestur og málstofur fyrir almenning.

3. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI STJÓRNUN, STÖÐÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI

Félagsvísindadeild ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirkni og gagnsæju stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu, öflugum gæðakerfi og skapa enn betra starfsumhverfi. Efla skal samstarf á sviði rannsókna og kennslu við innlenda sem erlenda aðila og tryggja að styrkur deildarinnar sé skýr og þekktur.

Við stjórnun deildarinnar verði tryggt frumkvæði og sjálfstæði deildar og skora. Styrkja þarf stöðu skorarformanna og skorarfulltrúa. Skilvirk og gagnsæ stjórnsýsla fer saman við lýðræðislega stefnumótun. Daglegur rekstur deildar miðar að framúrskarandi þjónustu þar sem hlúð er að starfsfólki og nemendum. Sérstök áhersla er lögð á faglegar ráðningar, kynningarstarf, fjármagns- öflun og öfluga hagsmunagæslu. Ýtt sé undir framtakssemi, samvinnu og jákvæðan starfsanda.

Í tengslum við ytra umhverfi er hlutverk deildar að vera þekkingarveita til samfélagsins á sviði félagsvísinda með því m.a. að kynna rannsóknir og störf háskólakennara. Deildin leggur áherslu á samstarf við innlenda og erlenda háskóla og góð samskipti við ríkisvald og hagsmunaaðila. Deildin kynnir rækilega framlag sitt til íslensks samfélags og menningar, til rannsókna á íslensku samfélagi og mikil tengsl sín við alþjóðlegt vísinda- og fræðasamfélag. Deildin sinnir öflugri kynningu til verðandi nemenda, ræktar tengsl við þá að loknu námi og styrkir vitund þeirra um eigin hæfni.

Í þessu skyni mun félagsvísindadeild Háskóla Íslands:

Styrkja stjórnkerfi og starfsumhverfi deildarinnar

- Deildin setji sér skýrar verklagsreglur um helstu þætti starfseminnar þar sem þær vantar. Birtar fyrir árslok 2007.
- Gerð verði þarfagreining á stoðþjónustu á árinu 2006. Fjölga starfsfólki og aðstoðarmönnum við kennslu og rannsóknir í samræmi við þær niðurstöður.
- Deildin fjölgi starfsfólki í stjórnsýslu. Núverandi hlutföll eru 1 á móti 7 kennurum og 1 á móti 340 nemendum en þau verði árið 2011 1 á móti 4 kennurum og 1 á hverja 200 nemendur. Þetta þýðir fjölgun starfsfólks um a.m.k. 5 – 7 miðað við óbreyttan fjölda kennara og nemenda. Til viðbótar þarf að fjölga um einn starfsmann fyrir hverja fjóra nýja kennara.
- Sérstök áhersla verði lögð á að skilgreina betur verksvið skora og verksvið sameiginlegrar stjórnsýslu deildar. Allar skorir hafi skorarfulltrúa í fullu starfi árið 2011.
- Deildin kappkosti að afgreiðsla mála sé vönduð og hröð. Skref í þá átt verði innleiðing verklagsreglna og GoPro skjalastjórnunarkerfis haustið 2006.
- Gerðar verði starfslýsingar fyrir kennara, skorarformenn og deildarforseta. Liggi fyrir í ársbyrjun 2008.
- Móttaka nýrra starfsmanna verði bætt.
- Félagsvísindadeild beiti sér fyrir hækkun grunnlauna starfsfólks og að árangurstengdar greiðslur verði auknar.
- Fjölgað verði óformlegum samverustundum innan skora og deildar.

Vinna að breytingum á skipulagi Háskóla Íslands

- Deildin taki virkan þátt í undirbúningi mögulegrar skiptingar Háskóla Íslands í skóla og deildir.
- Deildin verði virkur þátttakandi í endurskoðun hlutverks og framkvæmdar háskólafundar (háskólaþings) sem ljúka á í árslok 2007, í því augnamiði að styrkja hlutverk fundarins.
- Þess verði gætt að sjónarmið félagsvísindadeildar verði höfð til hliðsjónar í undirbúningsvinnu við könnun á mögulegri sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Efla gæðakerfi og gæðamenningu innan félagsvísindaeildar

- Unnið verði markvisst að því að efla gæðamenningu félagsvísindaeildar.

- Gæðanefnd félagsvísindadeildar verði skipuð fyrir mitt ár 2007. Hún hafi m.a. það hlutverk að útfæra og þróa gæðakerfi deildarinnar með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum og stefnumörkun, s.s. á vettvangi EUA og Bologna-ferlisins.
- Skilgreint verði 20% starf verkefnisstjóra gæðamála haustið 2006. Starfið verði aukið í 100% fyrir árslok 2010.
- Fram fari reglubundið ytra gæðamat á félagsvísindadeild í heild og einstökum skorum. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur.
- Fram fari reglubundið sjálfsmat innan deildar og einstakra skora.
- Jafnréttishópur félagsvísindadeildar láti meta stöðu jafnréttismála á tveggja ára fresti frá og með árinu 2006.

Styrkja tengsl deildarinnar við íslenskt atvinnulíf, mennta- og menningarstofnanir, stjórnvöld og hollvini skólans og taka virkan þátt í opinberri umræðu

- Tengsl félagsvísindadeildar við grunn- og framhaldsskólana í landinu verði styrkt. Deildin taki virkan þátt í umræðu um hlutverk þeirra í menntakerfinu.
- Félagsvísindadeild rækti tengsl við fyrrverandi nemendur og byggi markvisst upp hollvinasamtök sín.
- Félagsvísindadeild geri stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum ljóst mikilvægi kennslu og rannsókna í deildinni. Rannsóknir innan deildarinnar verði kynntar árlega.
- Áfram verði haldin árleg rannsóknarráðstefna deildar í samvinnu við viðskipta- og hagfræðideild og lagadeild.
- Gefið verði út yfirlitsrit um rannsóknir kennara deildarinnar á ensku á 5 ára fresti.
- Deildin fjölgi samstarfs- og rannsóknaverkefnum með fyrirtækjum og stofnunum. Skorir skilgreini hugmyndir og verkefni og vinni að stofnun formlegra tengsla við helstu samstarfsstofnanir.

Samhæfa og stórefla markaðs- og samskiptastarf deildar

- Deildin og skorir vinni árlegar kynningarátlanir og ráðinn verði kynningarfulltrúi við deildina.
- Kynning á námi við félagsvísindadeild í framhaldsskólum verði augin til þess að gera nemum kleift að undirbúa háskólanám sitt sem best.
- Félagsvísindadeild kynni nám deildarinnar og hæfni nemenda með markvissari hætti í atvinnulífinu.
- Opinber umræða og umfjöllun um félagsvísindadeild endurspegli fjölbreytta starfsemi hennar, virk tengsl við atvinnulíf og framlag til þróunar og hagsældar.

Efla og samræma heimasíður deildar, skora og kennara þannig að þær verði öflugur og samræmdur vettvangur kynningar, samskipta og miðlunar

- Heimasíða félagsvísindadeildar, skora og einstakra kennara verði virkur innlendur og alþjóðlegur upplýsingamiðill.
- Vorið 2007 verði allir kennarar deildarinnar með virka og staðlaða heimasíðu. Heimasíður kennara verði samræmdur hluti af kynningarstarfi deildar og skora.
- Skilgreint verði 25% starf verkefnisstjóra sem sinni umsjón og aðstoð við gerð og uppfærslu heimasíða. Verkefnisstjóri verði í 100% starfi árið 2011.

Tryggja að fjárhagur félagsvísindadeildar endurspegli hlutverk hennar, markmið og árangur

- Deildin leggi sitt af mörkum til þess að fá ríkisframlag hækkað í áföngum uns það verði sambærilegt við framlag til evrópskra viðmiðunarháskóla og að rannsóknafjárveitingin

byggist á árangri í rannsóknum og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

- Unnið verði að endurskoðun reiknilíkans þannig að aukið fé fái til deildar til að efla rannsóknaraðstöðu greina og skora sem og fjölga föstum kennurum og doktorsnemum.
- Deildin beiti sér fyrir því að núverandi deililíkan HÍ verði afnumið á árinu 2006.
- Unnið verði að því að félagsvísindadeild fái ótvíræða lagaheimild til að innheimta gjöld fyrir sérþjónustu, s.s. inntöku- og upptökupróf, og rýmri heimildir til að innheimta gjöld vegna þjónusturannsókna. Deildinni verði gert kleift að njóta tekna umfram beinan kostnað af endurmenntun og almenningsfræðslu án þess að til skerðingar komi á öðrum tekjustofnum.

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

Deildarforseti ber ásamt deildarráði ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Deildarráð fer kerfisbundið og reglulega yfir framkvæmd einstakra þátta hennar.

Skorarformenn og skorarfulltrúar bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í skorum. Skorir taka mið af stefnunni í öllu starfi sínu og ræða framkvæmd hennar og útfærslu reglubundið.

Stefna félagsvísindadeildar er nánar útfærð í sérstakri framkvæmdaáætlun sem er uppfærð árlega og samhæfð annarri áætlanagerð HÍ. Deildarforseti, skrifstofustjóri og sérstakur verkefnisstjóri stefnumála mynda nefnd til að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar og endurskoða einstök markmið eftir því sem ástæða er til. Stefnunefndin gerir athugasemdir við framgang einstakra stefnumála og tillögur um næstu skref. Nefndin felur viðkomandi starfsmönnum deildarskrifstofu að afla nauðsynlegra upplýsinga um þá mælikvarða sem liggja til grundvallar aðgerðum og einstökum markmiðum.

Deildarforseti fer reglubundið yfir stefnu deildarinnar með skorarformönnum, öðrum stjórnendum og stefnunefnd. Tillögur um uppfærslu markmiða og breytingar eru lagðar fyrir deildarfund og staðfestar af háskólaráði. Framvinda markmiða og aðgerða verður kynnt árlega í skýrslu deildar.